



Reykjavík, 9. apríl 2002

**Til Allsherjarnefndar Alþingis**

Lagt hefur verið fram af dómsmálaráðherra frumvarp (þskj.1051-652.mál) til laga um breytingu á umferðarlögum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að komið verði á fót Umferðarstofnun, sem taki við verkefnum Umferðarráðs og Skráningarstofunnar hf. (SKS).

Áður hefur komið fram í bréfi starfsfólks SKS til allra þingmanna uggur um starfsöryggi og starfskjör vegna fyrirhugaðra breytinga. Tilefni þessa bréfs til Allsherjarnefndar er hins vegar að benda á nokkur atriði í frumvarpi þessu, sem kunna að orka tvímælis og augljóslega þurfa umsagnar aðila er málið varðar. Er þá aðallega átt við vistun viðkvæmra gagna sem geyma persónuupplýsingar og lögreglumál.

Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra skipi verkefnisstjórn sem hafi það hlutverk að undibúa stofnun Umferðarstofnunar og annast tilfærslu verkefna frá Umferðarráði og SKS til Umferðarstofnunar. Í athugasemdum við þetta bráðabirgðarákvæði er tekið fram að verkefnisstjórnin geti tekið ákvarðanir um hvaða verkþættir, sem nú eru í höndum SKS, skuli færðir til Umferðarstofnunar og hvað skuli falið einkaaðilum með útboði eða á annan hátt. Hér er væntanlega fyrst og fremst verið að horfa til útboðs á rekstri tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins (TMD), Schengen gagnagrunnsins, Vegabréfakerfis og gagnagrunns Útlendingaeftirlitsins. Í TMD eru vistuð öll kerfi lögreglu- og sýslumanna og eru þar að finna viðkvæmar persónulegar upplýsingar. Einnig rekur SKS víðnet TMD sem tengir saman lögreglu og sýslumenn alls landsins og einnig eru héraðsdómstólarnir tengdir inn á víðnet TMD.

Ástæða þess að SKS var falin vistun og rekstur þessara tölvukerfa fyrir 3 árum síðan var sú staðreynd, að fyrirtækið er í eigu ríkisins og ábyrgðaraðilar kerfanna áttu hægara með að fylgja ábyrgðinni eftir (til dæmis á Ríkislögreglustjóri sæti í stjórn SKS). Einnig hlýttist af þessu töluverð hagræðing þar sem SKS hafði þá þegar umtalsverðan tölvurekstur með rekstri ökutækjaskrár og NorType gagnagrunns. Lagt hefur verið í mikinn kostnað við að tryggja öryggi og uppitíma kerfanna með tengipunktum, samskiptakerfum og tvöföldum lagnaleiðum. Einnig er vert að benda á að ef breyting yrði á rekstrarfyrirkomulagi Schengen gagnagrunnanna þarf Schengen úttektarnefnd væntanlega að taka út uppsetningu og öryggismál Schengen gagnagrunnanna aftur og hlýst af því töluverður kostnaður, fyrir utan þann tíma og kostnað sem fer í það að sérþjálfra nýjan mannskap vegna sérstakrar uppsetningar kerfanna. Ef nú á að bjóða þennan rekstur út á markaði hlýtur ákvörðunin fyrir 3 árum að hafa verið röng. Ljóst er að umsagnir embættis ríkislögreglustjóra og sýslumanna eru nauðsynlegar áður en fest er í lög að verkefnisstjórn geti tekið slíkar ákvarðanir án samráðs við eigendur kerfanna.



Það er okkar álit með þessu frumvarpi sé byrjað á öfugum enda. Það væri skynsamlegra að verkefnisstjórnin færi yfir stöðu og stjórnarsýslu umferðarmála áður en frumvarpið er samið og lagt fram en ekki byrja á því að löggesta fyrirfram óþekktar niðurstöður verkefnisstjórnar. Þessu til staðfestingar, þá kemur fram í umsögn fjármálaráðuneytisins að ekki liggi fyrir hvort hagræðing skapist með þessum lögum og ekki er hægt að meta hugsanlegan útgjaldasparnað. Væri ekki nær lagi að komast að þeirri niðurstöðu fyrst áður en lög eru sett.

Við viljum taka fram að við erum ekki mótfallin því að verkefni Umferðarráðs og SKS séu samþætt að því leyti sem það telst hagkvæmt. Við teljum hins vegar að hlutafélagarekstur sé skilvirkari en stofnanarekstur. Ekki væri úr vegi að Allsherjarnefnd leiti álags Ríkisendurskoðunar á því.


Virðingarfyllst,


f.h. Starfsmannafélags Skráningarstofunnar hf.

  
Skúli Bjarnason

  
Guðbjörg Haraldsdóttir

  
Íris Hlín Heiðarsdóttir

  
Elma Björk Júlíusdóttir

  
Laufey Kristinsdóttir



# ÖKUKENNARAFÉLAG ÍSLANDS

ISLANDS TRAFIKSKOLE UNION / THE ICELANDIC UNION OF DRIVING SCHOOLS ASSOCIATIONS

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1855  
komudagur 11. 4. 2002

Alsherjarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík


**Umsögn Ökukennarafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum. 127. löggjafarþing 2001-2002. Þskj. 1051 – 652. mál.**

**Ökukennarafélagið gagnrýnir að ekki skuli hafa verið leitað til þess varðandi umsögn um frumvarp þetta.**

1. Ökukennarafélagið fer fram á að samráð verði haft við það við setningu reglugerðar í samræmi við 2. gr. lið a.
2. Ökukennarafélagið leggst gegn þeirri breytingu sem fram kemur í 3. gr. frumvarpsins.  
Veruleg hættu er á mismunandi túlkun lögreglustjóraembætta eins og reynslan hefur sýnt varðandi umsóknir um ökuréttindi. Það býður þeirri hættu heim að menn fari á milli embætta.  
Ef breyting er nauðsynleg telur Ökukennarafélagið eðlilegra að hlutverkið flytjist til Umferðarstofu eða Ríkislögreglustjóra þannig að tryggt sé að allar upplýsingar séu á einni hendi og afgreiðsla samræmd.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ökukennarafélags Íslands

Guðbrandur Bogason  
formaður



# ÖKUKENNARAFÉLAG ÍSLANDS

ISLANDS TRAFIKSKOLE UNION / THE ICELANDIC UNION OF DRIVING SCHOOLS ASSOCIATIONS

Alþingi

Erindi nr. P 127, 2002

komudagur 15.4.2002

Alsherjarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík


15. apríl 2002

**Umsögn Ökukennarafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum. 127. löggjafarþing 2001-2002. Þskj. 1051 – 652. mál.**

**Ökukennarafélagið gagnrýnir að ekki skuli hafa verið leitað til þess varðandi umsögn um frumvarp þetta.**

1. Ökukennarafélagið fer fram á að samráð verði haft við það við setningu reglugerðar í samræmi við 2. gr. lið a.
2. Ökukennarafélagið leggst gegn þeirri breytingu sem fram kemur í 3. gr. frumvarpsins.  
Veruleg hættu er á mismunandi túlkun lögreglustjóraembætta eins og reynslan hefur sýnt varðandi umsóknir um ökuréttindi. Það býður þeirri hættu heim að umsækjendur fari á milli embætta.  
Ökukennarafélagið veit ekki til þess að löglegustjórar veiti sambærilegar löggildingar á öðrum sviðum.  
Ef breyting er nauðsynleg telur Ökukennarafélagið eðlilegra að hlutverkið flytjist til Umferðarstofnunar eða Ríkislögreglustjóra þannig að tryggt sé að allar upplýsingar séu á einni hendi og afgreiðsla samræmd.  
Þá bendir Ökukennarafélagið á að löggilding til ökukennslu er atvinnuréttindi og varpar því fram hvort ekki væri rétt að gera þá breytingu að annars vegar veitti ráðuneytið löggilding og hins vegar Umferðarstofnun atvinnuleyfi. Sambærilegt viðgengst t.d. varðandi réttindi leigubifreiðastjóra.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ökukennarafélags Íslands

  
Guðbrandur Bogason  
formaður

Aðsetur:	Póstfang:	Pósthólf 9164	Sími:	Fax:	Kennitala:
Þarabakki 3	109 Reykjavík		567 0300	567 0370	420369-6709
Office:	Mailing address:	129 Reykjavík	Telephone:	Telefax:	E-mail:
Þarabakki 3	IS-109 Reykjavík		354 567 0300	354 567 0370	okukfel@simnet.is